

Greinargerð félagsstjórnar um samrunaáætlun samkvæmt 121. gr. laga nr. 2/1995

Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. gerir hér með nánari grein fyrir samrunaáætlun þeirri er samþykkt var í dag í stjórnnum beggja félaga:

Forsendur

1. Sparisjóður Höfðhverfinga var stofnaður 1. janúar 1879 og hafði um árabíl starfað sem sjálfseignarstofnun, en var breytt í hlutafélag árið 2024. Sjóðurinn hefur sinnt fjármálaþjónustu á starfssvæði sínu í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og á þeim grunni sem sparisjóðum er markaður í þeim lögum. Hlutfé sjóðsins er kr. 538.337.826. Eiginfjárhlutfall er í samræmi við lög og reglur.
2. Þann 21. mars sl. ákvað stjórn sjóðsins að efna til formlegra viðræðna við Sparisjóð Strandamanna um mögulega sameiningu. Taldi stjórnin að kostir sameiningar væru ótvíræðir.
 - a. Í fyrsta lagi starfa báðir sjóðirnir á markaði þar sem miklar kröfur eru gerðar til upplýsingagjafar og skýrslugerðar, auk þess sem það leiðir af eðli starfseminnar að hún þarf mikið ut anumhald og stjórnarhætti sem fullnægja kröfum um öll fjármálafyrirtæki. Aðrir aðilar á sama markaði njóta í þeim efnum góðs af stærð sinni. Sameinaður sjóður verður betur í stakk búinn að mæta þessum kröfum samtímans og framtíðar.
 - b. Í öðru lagi er starfsemi beggja sjóða í eðli sínu lík, þeir eiga sterkt bakland í viðskiptum í heimabyggð og sækja styrk til persónulegrar þjónustu og sveigjanleika. Þá hafa sparisjóðirnir jafnan stutt við samfélagið með beinum hætti. Félagið mun þannig á sameinuðu starfssvæði sínu sinna samfélagslegu hlutverki í samræmi við ákvæði 61. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nánar tiltekið með því að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð. Þá mun félagið styðja við íþróttar- og æskulýðsstarf og menningar- og líknarmál. Þessu hlutverki er meðal annars sinnt með ráðstöfun á fjárhæð sem nemur hluta hagnaðar samkvæmt 1. mgr. 63. laga um fjármálafyrirtæki
 - c. Í þriðja lagi má segja að fjármögnun sjóðanna og eignasafn sé eðlislíkt og engum vandkvæðum háð að renna starfseminni saman þannig að full samlegð verði í sameinaðri starfsemi. Starfsreglur og starfsheimildir samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki eru með

sama sniði í báðum sjóðunum. Unnið hefur verið að undirbúningi tæknilegrar hliðar á fyrirhuguðum samruna (tölvukerfi, bankanúmer o.fl.) og fyrir liggur að hún verður ekki vandkvæðum bundin.

- d. Í fjórða lagi er einn megintilgangur sameiningar sjóðanna að auka eigið fé þeirra, stækka þá og efla þar með samkeppnishæfni þeirra. Til að ná þessu markmiði og tryggja frekari vöxt sameinaðs félags hafa verið gerðir samningar við stærsta hluthafann í sameinuðu félagi KEA svf., kt. 680169-2769, um frekari hlutafjárauðninga, sem eru forsenda fyrir ákvörðun um samrunann. Annars vegar er um að ræða hlutafjárauðningu í hinu sameinaða félagi að fjárhæð kr. 200.000.000 að söluvirði, en gengi aukningarinnar mun miða við innra virði félagsins, þó aldrei lægra en gengið 1 (innra virði er skilgreint sem bókfært eigið fé hins sameinaða félags, deilt með nafnverði hlutafjár félagsins eins og það verður eftir að samruni hefur gengið í gegn). Hins vegar verður stjórn hins sameinaða félags heimilað að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 300.000.000 að söluvirði, til þess að efna skuldbindingar félagsins vegna kaup- og söluréttarsamninga sem gerðir hafa verið við KEA svf. í tengslum við samrunann. Gengi hlutafjárhækkunar stjórnar á grundvelli heimildarinnar skal taka mið af innra virði hins sameinaða félags skv. síðasta samþykktu ársreikningi eða árshlutauppgjöri sem yfirfarið hefur verið af endurskoðanda félagsins. Að öðru leyti ákvarðar stjórn sölureglur, fresti til áskriftar og greiðslufresti. Heimildin skal gilda til 1. júlí 2029. Gert er ráð fyrir að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta í samræmi við heimildir þessar samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
 - e. Að síðustu og ekki hvað síst mikilvægt telur stjórnin að með auknum fjárhagsstyrk og stærri efnahag sé unnt að halda áfram og efla þá starfsemi sem fyrir er og tryggja viðunandi arðsemi af rekstri hins sameinaða sjóðs.
3. Að öllu samanlögðu telur stjórnin því að sameining eigi að vera til heilla fyrir þá hluthafa sem lagt hafa félaginu til fjármagn og að eftirleidis verði stjórnskipulag á formi sem almennt er þekkt í viðskiptalífinu. Frekari uppbygging sjóðsins yrði einnig auðveldari. Stjórnin hefur kynnt fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands áform sín og mun veita eftirlitinu frekari upplýsingar eftir því sem vinnu að samrunanum vindur fram.

4. Greinargerð þessi er gerð í því skyni að unnt verði að leggja formlega tillögu að samruna undir hluthafafund, svo sem lög kveða á um.

Um endurgjald

5. Hlutfé Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. er fyrir sameiningu kr. 538.337.826 og hlutfé Sparisjóðs Strandamanna hf. er fyrir sameiningu kr. 432.638.641, við sameininguna.
6. Við sameininguna fá hluthafar í Sparisjóði Strandamanna hf. eingöngu hluti í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. í skiptum fyrir hlutfé sitt. Við samrunann láta hluthafar í Sparisjóði Strandamanna hf. því af hendi alla hluti sína í félaginu, að nafnvirði kr. 432.638.641, og fá í staðinn hluti í hinu sameinaða félagi að nafnvirði kr. 465.859.520.
7. Við samrunann verður nafnverð núverandi hluthafa í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. aðlagð að hlutfé í hinu sameinaða félagi í samræmi við framangreind skiptihlutföll, og breytist því að nafnvirði úr kr. 538.337.826, í kr. 499.652.438.
8. Þá falla við samrunann niður eignarhlutir Sparisjóðs Strandamanna hf. í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. að nafnvirði kr. 5.464.509, sem yrðu ella eigin hlutir í sameinuðu félagi.
9. Við samrunann rennur allt hlutfé inn í Sparisjóð Höfðhverfinga hf. Eins og fram kemur í meðfylgjandi samrunareikningi mun heildarhlutfé í hinu sameinaða félagi nema að nafnvirði kr. 965.511.958.
10. Til viðbótar gengur tillagan útfrá því að hlutfé í hinu sameinaða félagi verði aukið umtalsvert og möguleikar þess til að veita góða þjónustu og ástunda traustan rekstur aukið, viðskiptavinum og eigendum til heilla.

Þannig samþykkt 30. júní 2025

Undirritunarsíða

Sigurður Jóhann Ingólfsson

Fjóla Valborg Stefánsdóttir

Halldór Jóhannsson

Heimir Ásgeirsson

Sverrir Gestsson